

Hornaveisla í Hörpu Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Norðurljósum, Hörpu

Sunnudaginn 25. mars 2012 kl. 17:00



Einleikarar á horn:

Anna Sigurbjörnsdóttir, Emil Friðfinnsson,
Stefán Jón Bernharðsson og Sturlaugur Jón Björnsson
Stjórnandi: Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2500, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1500 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Jean Sibelius: „Karelia“ – svíta fyrir hljómsveit Op. 11

- 1: Intermezzo
- 2: Ballade
- 3: Alla marcia

Pjotr Tsjækovskí: Elegía fyrir strengi (1884) In Memoriam I.V. Samarin

HLÉ

Robert Schumann: Konzertstück fyrir 4 horn og hljómsveit í F-Dúr Op. 86

- 1: Lebhaft
- 2: Romanze: Ziemlich langsam, doch nicht schleppend
- 3: Sehr lebhaft

Um höfunda og tónverk:



Jean Sibelius (1865-1957) sýndi tónlistarhæfileika sína þegar á unga aldri. Hann lærði á fiölu og samdi sína fyrstu tónsmíð aðeins níu ára. Eftir eitt ár í laganámi sneri hann sér alfarið að tónlistarnámi og lærði tónsmíðar og fiðluleik í Berlín og Vín. Hann varð fljótt vel þekktur af tónsmíðum sínum og hefur alla tíð síðan verið talinn í röð fremstu tónskálda. Tónverk hans voru gjarnan stór í sniðum, sinfóníur, hljómsveitarsvítur og tónaljód. Hann samdi einnig tónlist fyrir leikhús og ýmis tækifæri og notaði síðan efniviðinn í svítur til flutnings í tónleikasal, meðal annars þá sem hér er flutt. Karelia-svítan varð til úr tónlist sem samin var fyrir sýningu sem stúdentar við

Helsinki-háskóla héldu 1893 í Kareliu, héraði í suðausturhluta Finnlands. Tónlistin er nokkuð gróf og köntuð, á að endurspegla þjóðrækni og sögulegt efni sýningarinnar.



Pjotr Iljits Tsjækovskí (1840-1893) hefur löngum verið talinn einn helsti boðberi vestrænnar tónlistar í Rússlandi. Þar var við ramma reip að draga því sú skoðun var algeng meðal rússneskra tónlistarmanna að leggja bæri áherslu á rússneska tónlist og að vestræn áhrif og tónlistarmenntun væru óæskileg. Í þeim hópi voru meðal annarra Rimsky-Korsakov, Músorgskí og Borodin. Tsjækovskí hlaut vestrænt tónlistaruppeldi í Pétursborg og átti alla tíð samskipti við tónlistarheiminn í Vestur-Evrópu. Verk hans nutu mikilla vinsælda og gera enn í dag. Elegían, sem hér verður flutt í dag, hefur þó aldrei verið mikið flutt. Hún hefur þótt standa í skugganum af Serenöðu fyrir

strengjasveit (Op. 48) sem er eitt alvinsælasta verk tónskáldsins. Elegían var samin að beiðni Listafélags Moskvuborgar til flutnings á heiðursmáttu til að halda upp á 50 ára leikafmæli frægs leikara, Vasilevíts Samarin (1817-1885). Verkið kallaði hann „Þakkarkveðju“ en hikaði við að gefa það út. Í millitiðinni lést Samarin og breytti þá tónskáldið titlinum í Elegíu og lét gefa það út. Verkið notaði hann síðar sem millispil í tónlist sinni við Hamlet.

Robert Schumann (1810 -1856) var eitt af höfuðtónskáldum rómantíska tímabilsins. Hann hóf feril sinn sem virtuos á píanó. Þega ljóst varð að handarmein yrði honum þar til trafala lagði hann æ meiri áherslu á tónsmíðar og ritstörf. Á báðum sviðum hafði hann veruleg áhrif á þróun tónlistar í Evrópu. Í fyrstu voru tónsmíðar hans nær eingöngu fyrir píanó en síðan færði hann út kvíarnar og eftir hann



liggur mikið af söngljóðum, kammertónlist, kórtónlist og hljómsveitarverkum, m.a. fjórar sínfóniur og konsertar fyrir ýmis hljóðfæri. Þrátt fyrir ótvíræðan árangur og frægð af verkum sínum var ævi Schumanns hálfgerð hamsaga. Hann átti við andlega vanheilsu að stríða sem dró hann að lokum til dauða langt um aldur fram. Menn greinir á um það hvað hafi valdið, sýffilis sem hann fékk á námsárunum, kvikasilfurs eitrun vegna læknismeðferðar, heilaæxli eða hvarfasýki. Síðasttalda ástæðan gæti skýrt hinar miklu sveiflur sem voru í afköstum hans við tónsmíðar. Konzertstück fyrir fjögur horn, sem við heyrum hér í dag, var samið 1849 einmitt í slíku ofvirknikasti. Schumann hafði samið

Adagio og Allegro fyrir horn og píanó (op. 70) á þremur dögum, tók sér tveggja daga hvíld og samdi svo Konzertstück á tveimur sólarhringum. Gott vikuverk þar! Konzertstück er vissulega eitt af mögnuðustu verkum hornbókmenntanna en er ef til vill ekki eins oft flutt og vert væri. Ástæðan er sú að verkið gerir gríðarlegar kröfur til einleikaranna, bæði tæknilega til hvers og eins þeirra en einnig til samspils. Hópurinn hljómar oft eins og eitt hljóðfæri. Það þarf ekki aðeins einn virtúós til að flytja verkið heldur fjóra. Tónskáldið hefur vafalaust verið að kanna möguleika hins nýja hljóðfæris, ventlahornsins, sem verið var að þróa um þessar mundir. Á gamla veiðihornið var eingöngu hægt að spila náttúrutónaröðina en tónbilið milli þeirra var brúað með því að stýra saman varaþrýstingi og stöðu hægri handarinnar inni í bjöllu hljóðfærisins. Í upphaflegri gerð verksins mæltist tónskáldið til að það yrði flutt með tveimur ventlahornum og tveimur veiðihornum. Nú á dögum er það alltaf flutt með fjórum ventlahornum. Einleikararnir í dag koma úr röðum Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Þau hafa um árabíl öll gegnt þýðingarmiklu hlutverki í starfi Sínfóníuhljómsveitar áhugamanna bæði sem einleikarar og þátttakendur í „björgunarsveit“ hljómsveitarinnar, hópi tónlistarmanna sem hafa verið boðnir og búnir að hlaupa í skarðið á ögurstundum.

Einleikararnir:

Anna Sigurbjörnsdóttir hóf tónlistarnám sitt í Tónlistarskólanum í Garðabæ. Hún flutti sig síðan um set í Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan blásarakennaraprófi vorið 1991. Hún hélt síðan í frekara nám til Noregs og lauk Cand. Mag. gráðu frá Tónlistarháskólanum í Osló árið 1995. Í Noregi starfaði Anna með ýmsum hljómsveitum svo sem Norsku útvarpshljómsveitinni, Norsku óperunni og Sínfóníuhljómsveitinni í Þrándheimi. Anna er einn af stofnmeðlimum blásaraoktettisins Hnúkapeys en hefur einnig starfað reglulega með Sínfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku Óperunni. Hún var einleikari með Sínfóníuhljómsveit áhugamanna á tónleikum í apríl 2000 í konsert fyrir tvö horn eftir Haydn.

Emil Friðfinnsson stundaði nám við Tónlistarskólann á Akureyri og síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík þaðan sem hann lauk einleikaraprófi undir handleiðslu Joseph Ognibene. Framhaldsnám stundaði Emil við Folkwang-Hochschule Essen hjá prófessor Hermann Baumann og lauk prófi þaðan 1991. Eftir að hafa starfað með ýmsum hljómsveitum í Þýskalandi í nokkur ár sneri Emil heim og hefur frá 1994 verið hornleikari í Sínfóníuhljómsveit Íslands, undanfarin ár sem uppfærslumaður. Auk þess hefur Emil leikið með Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum frá upphafi, Kvintett Corretto, Diddú og drengjunum og fleiri hópum. Emil lék einleik með Önnu Sigurbjörnsdóttur í konsert Haydn fyrir tvö horn á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar áhugamanna í apríl 2000.

Stefán Jón Bernharðsson útskrifaðist með einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1998 þar sem kennari hans var Joseph Ognibene. Því næst hóf hann nám við tónlistarháskólann í Osló hjá prófessor Frøydís Ree Wekre og lauk einleikaraprófi þaðan árið 2005. Stefán er fastráðinn við Sínfóníuhljómsveit Íslands síðan 2000 og leikur hann einnig reglulega með hópum eins og Kammersveit Reykjavíkur, Hljómsveit Íslensku Óperunnar, Caput og í kammersúsik ýmiss konar. Sem einleikari hefur Stefán komið fram með S.Í. og Kammersveit Rvk og gert upptökur fyrir RÚV ásamt því að hafa

verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins. Hann hefur einnið unnið til verðlauna í alþjóðlegum hornkeppnum í Finnlandi og Ítalíu ásamt því að sigra Conoco Phillips tónlistarkeppnina í Osló árið 2005. Á námsárum sínum 1992–1994 lék Stefán Jón reglulega með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Sturlaugur Jón Björnsson byrjaði að læra á horn hjá Lilju Valdimarsdóttur árið 1993, þá tólf ára að aldri. Árin 1997–2003 lærði hann hjá Joseph Ognibene í Tónlistarskólanum í Reykjavík og að því loknu stundaði hann nám við Boston University undir handleiðslu Eric Ruske. Sturlaugur hefur leikið með fjölmörgum hljómsveitum vítt og breitt um heiminn. Hann starfar nú sem bruggmeistari Borgar Brugghúss og spilar reglulega með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Þar hefur hann oft áður komið við sögu. Hann leikur m.a. á hljómdiski sveitarinnar, Carmina burana. Hann lék einnig einleik með hljómsveitinni í þriðja hornkonsert Mozarts á tónleikum í maí 2009.

Að þessu sinni er Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Anna von Heynitz
Jónína Þórunn Thorarensen
Garðar Snæbjörnsson
Rós Pétursdóttir

2. fiðla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Þórey Steinarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Jasmin Gut

Vióla

Páll Ingvarsson
Sölvi Karlsson
Paul-William Marti
Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Andri Snær Ólafsson
Freyja Jónsdóttir
Árni Rúnar Inaba Kjartansson
Hrefna Guðmundsdóttir

Bassi

Roine Hultgren
Leifur Benediktsson
Dean Ferrell

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Berglind Stefánsdóttir

Piccoloflauta

María Ösp Ómarsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Englahorn

Guðrún Másdóttir

Klarinet

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Oddný Þórhallsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson
Emil Friðfinnsson
Sturlaugur Jón Björnsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Ingibjörg Rúnarsdóttir
Sóley Björk Einarsdóttir

Básúna

Einar Bjarni Björnsson
Valgeir Geirsson
Finnbogi Óskarsson

Túba

Egill Posocco

Pákur

Eggert Pálsson

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 20. maí í Seltjarnarneskirkju í samvinnu við Selkórinn. Á efnisskránni eru verk eftir Delius, „Að heyra í fyrsta gauk vorsins“, Klarinettkonsert Mozarts og „Nänie“ eftir Brahms. Einleikari á klarinett er Einar Jóhannesson og stjórnandi Oliver Kentish.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2012.



Reykjavíkurborg